

## Skipting kennslustunda milli námsgreina

	8. b	9. b	10. b
Íslenska	6,4	5,4	5,4
Stærðfræði	4,6	5,6	5,6
Danska	3	4	4
Enska	3	4	4
Náttúrufræði	3	3	3
Samfélagsfræði	3	3	3
Lífsleikni	2	2	2
Íþróttir + sund	3	3	3
Uppl. og tæknim.	1	1	1
Heimilisfræði	2	0	0
Listgreinar	0	0	0
Val	6	6	6
<b>Samtals 37</b>	<b>37</b>	<b>37</b>	<b>37</b>

Náms- og starfsfræðslu er sinnt óreglulega í þemaviku, á vordögum og í tengslum við heimsóknir í framhaldsskóla. Þessi fræðsla kemur einnig inn í lífsleikni og upplýsingatækni.

**Síðasti skilafrestur  
á valblaði er  
24. maí**

## Ágætu foreldrar!

Í dag koma börnin ykkar heim með valblað fyrir næsta vetur. Mig langar til að biðja ykkur um að aðstoða börnin við að velja námsgreinar sem samræmast áhugasviði þeirra og senda blaðið til baka í skólann undirritað af foreldri og barni.

Til þess að valið nýtist sem skyldi þá er mikilvægt að nemendur velji það sem þeir hafa áhuga á, ekki það sem þau halda að sé auðveldast eða það sem hinir fara í.

Miðvikudaginn 22. maí fengu nemendur kynningu á valgreinum sem í boði verða næsta haust svo allir ættu að vita hverjar áherslurnar verða í þessum greinum.

Nemendur velja þrjár valgreinar hvora önn, alls sex kennslustundir á viku. Nemendur geta endurskoðað valið í lok haustannar.

Ef ekki er næg þátttaka í námsgrein fellur hún niður. Ekki er heldur sjálfgefið að nemendur komist að í valgreinum sem þeir kjósa helst og því er nauðsynlegt að velja 5 valgreinar fyrir hvora önn.

Ef nánari skýringa er þörf, þá er hægt að hafa samband í síma 475-9020.

Kær kveðja,


*Líneik Anna*

skólastjóri

Grunnskóli *Fáskrúðsfjarðar*

*ánægja – ábyrgð – árangur*

# Valbæklingur 8., 9. og 10. bekkur 2013-2014.



# Valgreinar

## Listasmíðja - handverk

80 mín. á viku, haustönn.

Markmiðið er að auka hugmyndaflæði og skapandi hugsun. Unnið er með fjölbreyttan efnivið og eftir ólíkum leiðum í samráði við nemendur. Verkefni t.d. silfursmíði, ljósmyndun, þrykk og þæfing.

## Matreiðsla

80 mín. á viku, vorönn.

Áhersla er lögð á að matreiða fjölbreytta rétti, kynnast matarmenningu annarra þjóða og setja saman hollar máltíðir.

## Tæknistjórn

80 mín. á viku, í eina önn, óreglulegir tímar.

Notkun á tæknibúnaði sem notaður er á viðburðum í Skólamiðstöðinni. Nemendur læra grunnatriði í hljóðstjórn og stjórnun lýsingar.

## Textílmennt

80 mín. á viku, haust- og vorönn.

Fjölbreytt og sjálfstæð vinna með textíl, þar sem sköpun og áunninni þekkingu er beitt. Afurðir eru t.d. pils, bolir, kjólar, lopapeysur, vettlingar og prufur.

## Smíði

80 mín. á viku, vorönn.

Markmiðið er sköpun og að hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt. Mögulegt er að vinna úr tré, plasti, málm og gleri t.d. er hægt að tálga, renna, smíða og móta.

## Heimanám

80 mín. á viku, haust- og vorönn.

Nemendur fá aðstoð við heimanám og þjálfun í vinnubrögðum.

## Valgreinar utan skóla

Fjarnám við framhaldsskóla, tónlistarnám eða þátttaka í skipulögðu tómsundastarfi getur komið í stað valgreinar. Skólinn tekur ekki þátt í kostnaði við valgreinar sem stundaðar eru utan skólans. Valgreinar utan skóla geta að hámarki komið í stað 2 kennslust. á viku.

## Safnað í sarpinn

80 mín. á viku, haustönn.

Nemendur kynnast útvist, félagsstarfi og samfélaginu sem þeir búa í. Markmiðið er að draga úr fordómum, vera virkir í samfélaginu og þora að takast á við nýja hluti.

## Líkamsrækt og lífsstíll

80 mín. á viku, haust og vorönn.

Nemendur læra að nýta sér líkamsræktarsal og stunda markvissa líkamsrækt. Markmiðið er að nemendur temji sér heilbrigða lífshætti og geri hreyfingu að lífsstíl jafnframt því að vera sáttir við líkamlegt atgervi.

## Hópiþróttir

80 mín. á viku, vorönn.

Boltagreinar sem nemendum gefst ekki kostur á að æfa á Fáskrúðsfirði, s.s. handbolti og körfubolti

## Legoverkefni

80 mín. á viku, haustönn.

Undirbúningur Legokeppninnar. Markmiðið er að vekja áhuga á vísindum og tækni. Unnið er að smíði á vélmenni úr tölvustýrðu LEGO, forritun, rannsóknarverkefni, dagbók, skemmtiatriði og fjáröflun.